

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í Múlaþingi.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs í Múlaþingi, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:

Söfnunargjald	kr. 21.965
Förgunargjald	kr. 9.409
Samtals:	kr. 31.374

Íbúar sem ekki njóta þjónustu eins og kveðið er á um í B. lið fá 25% afslátt.

Íbúar sem ekki hafa tunnur eins og kveðið er á um í B. lið fá afhenta eina rúllu af ruslapokum.

B. Rúmmál íláta og tíðni losunar frá íbúðarhúsnæði:

Þéttbýli:

Brún tunna 120 l	Hálfsmánaðarlega á sumrin en annars mánaðarlega
Grá tunna 240 l	Mánaðarlega
Græn tunna 240 l	Mánaðarlega

Dreifibýli:

Jarðgerðartunna	Ekki losuð
Grá tunna 240 l	Mánaðarlega
Grænt kar 660 l	Á tveggja mánaða fresti

Sjá nánar á sorphirðudagatölum.

C. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.) og trillu, greiðist þjónustugjald 30% af fullu gjaldi (kr. 31.374) enda geti notendur þeirra losað sig við úrgang á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins eða í reglubundna söfnunarferð sorpbíls á vegum sveitarfélagsins, þar sem aðstæður leyfa og þá samkvæmt sérstöku samkomu-lagi. Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu, sem greiða fullt þjónustugjald af íbúðarhúsnæði sem þeir búa í, greiða hvorki söfnunar- né förgunar-gjald af frístundahúsum sínum eða trillum sem þeir nýta sjálfir.

D. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.) sem nýtur fullrar þjónustu frá fyrstu skipulögðu losun eftir 1. maí til síðustu skipulögðu losunar fyrir 30. september greiðist þjónustugjald sem nemur 50% af fullu gjaldi.

Ábending: Fyrir frístundahús í eigu aðila sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu greiðist þjónustugjald ef frístundahúsin eru leigð út til þriðja aðila, t.d. ferðamanna.

E. Auk gámasvæða á Djúpavogi, Egilsstöðum og Seyðisfirði verður gámasvæði opið við sumarbústaðahverfi með yfir 20 bústöðum yfir mesta ferðamannatímam skv. 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

F. Óski greiðendur eftir fleiri ílátum skal greiða fyrir:

Grá tunna 240 l	kr. 11.200 á ári
Græn tunna 240 l	kr. 2.000 á ári
Brún tunna 120 l	kr. 2.000 á ári

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun og urðun úrgangs samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með á urðunarstað:

Óflokkað	kr./kg án vsk.	kr./kg með vsk.
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	29,84	37
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, húsgögn, jarðvegur.		

<i>Blandaður úrgangur</i>	25,81	32
---------------------------	-------	----

Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.

Flokkað

<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	21,77	27
-------------------------------	-------	----

4. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar á Egilsstöðum:

Meðhöndlun	kr./klst. án vsk.	kr./klst. með vsk.
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	5.403	6.700
<i>Vigtunargjald</i>	1.855	2.300

Óflokkað	kr./kg án vsk.	kr./kg með vsk.
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	51,61	64

Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, húsgögn, jarðvegur.

<i>Blandaður úrgangur</i>	46,77	58
---------------------------	-------	----

Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.

Flokkað	kr./kg án vsk.	kr./kg með vsk.
----------------	-----------------------	------------------------

<i>Seyra/úrgangur úr fituskiljum</i>	8,87	11
--------------------------------------	------	----

<i>Endurvinnanlegt timbur</i>	16,94	21
-------------------------------	-------	----

Hreint, ekki litað eða fúavarið

<i>Óendurvinnanlegt timbur</i>	46,77	58
--------------------------------	-------	----

Litað, plasthúðað, spónaplötur o.þ.h.

<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	25,81	32
--	-------	----

Tekið er við lífrænum úrgangi á söfnunarstöð á þriðjudögum

<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	25,81	32
-------------------------------	-------	----

<i>Heimilistæki o.fl.</i>	0	0
---------------------------	---	---

Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír

<i>og annar pappír ótækur til endurvinnslu</i>	46,77	58
<i>Plast til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír</i>		
<i>og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Garðaúrgangur án aðskotahluta</i>	0	0

Gjaldskrá vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:

<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	20,97	26
<i>Ýmis spilliefni, s.s. málning, lyf, sprautunálar, flugeldar, úðabrusar.</i>	89,52	111
<i>Umbúðir spilliefnamerkta eða –mengaðar ≥ 100 l</i>	7.419 kr./stk.	9.200 kr./stk.
<i>Umbúðir spilliefnamerkta eða –mengaðar < 100 l</i>	1.935 kr./stk.	2.400 kr./stk.

5. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðva á Djúpavogi og Seyðisfirði:

Móttökugjöld fyrir einstaka farma:

0,00 – 0,25 m ³	1.740 kr.
0,25 – 0,5 m ³	3.480 kr.
0,50 – 0,75 m ³	5.220 kr.
0,75 – 1,00 m ³	6.960 kr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

6. gr.

Íbúar í Múlaþingi fá afhent klippikort sem gerir þeim mögulegt að afhenda allt að 4 m³ (á móttökustöðvum á Djúpavogi og Seyðisfirði) eða 640 kg (á móttökustöð á Egilsstöðum) af úrgangi á ári.

Ef íbúar fullnýta kortið er hægt að kaupa nýtt kort á bæjarskrifstofum Múlaþings og kosta þau 25.000 kr.

7. gr.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða gera grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

8. gr.

Sveitarstjórn Múlaþings er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuhætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða viðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

9. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af umhverfis- og framkvæmdaráði og staðfest af sveitarstjórn Múlaþings þann 9. desember 2020, með stoð í samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000, samþykkt um sorphirðu í Djúpavogshreppi nr. 469/1999, 9. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði, nr. 122/2017 og 12. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 661/2016, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 209/2006, gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi, nr. 133/2019, gjaldskrá fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs á Fljótsdalshéraði, nr. 1288/2019 og gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 414/2020.

Egilsstöðum, 11. desember 2020.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2020